

Ed.

68. Tillaga

til þingsályktunar um húsnæði handa Tónlistarskóla Íslands í Þjóðleikhúsinu.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort ekki væri hægt að láta Tónlistarskóla Íslands fá húsnæði í Þjóðleikhúsinu.

G r e i n a r g e r ð.

Efri deild hefir nú samþ. þál. um rannsókn á því, hvort ekki væri fært að útbúa geymslupláss handa söfnum í húsi Þjóðleikhússins, og fékk sú tillaga einróma fylgi.

Hér er nú farið fram á það, að jafnhliða yrði athugað um húspláss handa tónlistarskólanum. Skóli þessi hefir nú starfað á 3. ár, og hefir reynslan sýnt, að hans er mikil þörf. Húsnæði hefir hann bæði lítið og óhentugt í hljómlistarskólanum í skemmtigarðinum við tjörnina. Skólinn þarf minnst 3 stofur til sinna nota.

Benda má á það, að í framtíðinni mun varla nokkur stofnun verða nátengd-ari leikhúsinu en þessi skóli, því að hann á að gera mögulegt að koma upp innlendri hljómsveit og halda henni við, en hljómsveitar er sérstök þörf þegar fullkomið leikhús tekur til starfa. Mætti því búast við, að skóla þessum yrði, einnig eftir að leikhúsið er komið í notkun, ætlað húspláss á þessum stað.